

Gjaldskrá Landskerfis bókasafna hf. 2021

1. gr. Mánaðarlegt þjónustugjald

- a) Sveitarfélög greiða gjald sem miðast við íbúafjölda og gildir það fyrir öll bókasöfn á vegum þess sveitarfélags. Gjald fyrir hvern íbúa er kr. 18,169.
- b) Háskólasöfn greiða gjald sem miðast við nemendafjölda og fjölda akademískra starfsmanna stofnunarinnar. Í útreikningum hefur fjöldi nemenda einfalt vægi en fjöldi akademískra starfsmanna þrefalt vægi. Einingarverð er kr. 148,564.
- c) Framhaldsskólasöfn greiða eftir fjölda nemenda. Gjald fyrir hvern nemenda er kr. 49,000.
- d) Önnur söfn greiða hlutfall af grunngjaldi sem er kr. 49.001.
 - lítil söfn á vegum félagasamtaka grunngjald x 0,25
 - söfn með færri eintök en 5000 grunngjald x 0,5
 - söfn með eintök frá og með 5000 upp að 20.000 grunngjald x 1
 - söfn með eintök frá og með 20.000 upp að 40.000 grunngjald x 1,5
 - söfn með eintök frá og með 40.000 upp að 60.000 grunngjald x 2,0
 - fyrir hver 20.000 eintök til viðbótar skal margfalda grunngjald með stuðlinum 0,5 til viðbótar.

Lítið safn getur óskað eftir að greiða grunngjald x 0,25 í stað 0,5 ef starfssemi safns er mjög lítil og lítið bætist við safnkostinn árlega.

Við ofangreind verð bætist virðisaukaskattur 24%. Opinberar stofnanir eiga rétt til endurgreiðslu á fjórum fimmtu virðisaukaskattsins (sjá nánar úrskurð yfirskattanefndar um málið á [vef nefndarinnar](#)).

Þjónustugjaldið er endurreiknað á þriggja ára fresti miðað við breyttan fjölda eininga eða íbúafjölda.

2. Aukaverk

Fyrir aukaverk, þar með talda símaþjónustu, skal, nema kveðið sé á um annað í gjaldskrá eða samningi, greitt tímagjald kr. 15.630 auk 24% virðisaukaskatts.

Gjald fyrir þátttöku í skráningarnámskeiði (umfram eitt gjaldfrjálst sæti fyrir ný aðildarsöfn) er kr. 36.776 auk 24% virðisaukaskatts.

3. gr. Verðhækkanir

Öll verð samkvæmt gjaldskrá þessari hækka miðað við vísitölu neysluverðs með grunnvísitölu í nóvember 2020 sem er 489,3.